

STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR EINVÍGI

Á hringvelli dauðans
standa tveir menn
og horfast í augu.
Vopnaðir hetjuskap
skelfingar og ótta,
dragast þeir hvor að öðrum
sem bræður
í dvínandi hatri.
Skjóta hvor annan
og hníta til foldar,
fallast í faðma
og gráta brostnum augum
í hinum eilífu
veiðilendum stoltsins.

BIRGITTA JÓNSDÓTTIR VINUR

Augað flöktir
í eilífri leit
að sál með svipað
tónfall.

Sumar eru aðeins
sem vinsæl popplög
sem óma um stund
en gleymast svo.

En til eru verk
svo fá, svo fá,
sem standast aldir alda,
og tími fær þau aldrei beygt.

Tónverk sem eru svo
fossandi af lífi
ofsafengin og titrandi.
Þau byrja hægt og
heyrast varla,
með magnþrungnum köflum
og klingjandi þögn.

Verk sem í sálinni óma og óma
þó haf og fjöll skilji að.
Þau fylgja þér ætíð,
uns augað lokast
og tónar dauðans
taka við.